

Safnaðarbréf

á jólaföstu 2007

Hugvekja sr. Þórhildar
– bls. 2

Jólaort
frá sr. Jóni og Sigríði Önnu
– bls. 3

Aðventukvöld
– bls. 4

Hin fyrstu jólatré
– bls. 5



Stefnan tekin á nýtt kirkjuhús



Um allnökkurt skeið hefur Lágafellsókn beðið eftir að geta hafist handa við byggingu á nýrri kirkju safnaðarins. Í fyrra lét þáverandi bæjarstjóri svo um mælt að nú færi að stytast í að söfnuðurinn fengi lóð undir kirkjuna. Þá var ákveðið að finna leiðir til að fjármagna það verk.

Fyrsta skrefið var að láta handmála jólabjöllu og jólakúlu. Í ár verður það teikning af Lágafellskirkju sem prýðir gripina. Á næsta ári verður það teikning af Mosfellskirkju.

Þriðja árið verður vonandi hægt að hafa mynd af nýrri kirkju.

Kúlurnar og bjöllurnar eru í fallegum rauðum öskjum og verða til sölu hjá Hlín Blómahúsi. Þær kosta aðeins kr. 1500 stk. Allar nánari upplýsingar gefur Hreiðar Örn á skrifstofu kirkjunnar í síma 566 7113.

Þetta eru fallegir söfunargripir sem framleiddir verða í takmörkuðu upplagi.



Sr. Þórhildur Ólafsson:

Hugvekja

Sjá konungur þinn kemur til þín.

Við hugleiðum þessi orð á aðventunni. Við höfum flest kynnst ævintýrunum þar sem kóngar ríkja og sitja í hásæti sínu með kórónu og veldissprotu. Þegnarnir eru víðsfjarri og láta sig varla dreyma um að konungurinn komist niður úr hásætinu. Konungur þinn kemur til þín. Hann er ólíkur öðrum konungum. Hann vill vera með okkur alla daga. Orðið aðventa er úr málinu sem þeir töluðu Ágústus og Pílatus, þá þekkjum við annan úr jólaguðspjallinu hinn úr trúarjátningunni. Latína var töluð víða um lönd þegar Jesús fæddist. Eitt og eitt orð úr því gamla máli hefur orðið íslenskt. Aðventa er eitt þeirra. Tíminn næst á undan jólum heitir aðventa, sem þýðir koma. Orðið minnir á að einhver er að koma.

Í spádómsbók Jesaja segir: „Sú þjóð er í myrkri gengur sér mikið ljós. Yfir þá sem búa í landi máttmykranna skín ljós. Þú eykur stórum fögnuðinn, gerir gleðina mikla. ... Því barn er oss fætt, sonur er oss gefinn Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla.“ Nú er þetta orðið. Í Jóhannesarguðspjalli segir: „Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann kom nú í heiminn“. Jesús er kominn og þess vegna að koma. Það verður bjartara því nær sem hann kemur. Ef hann fengi að kveikja ljósið sitt í öllum mönnum, þá yrði bjart í öllum heiminum.

Aðventan er gengin í garð og nýtt kirkjuár. Samhliða ári tímans, ofan við það og þó eins og í því miðju og fyrr á ferð er ár Krists og kirkjunnar. Það ár vitnar um náðarverk hans okkur til lífs og getur gert jarðneska ævileið gegn gegnum árin og dagana að leið inn í birtuna hans. Jesús Kristur er ljósið eilífa úr himinhæðum, sem skín inn í fallinn jarðarheim.

Aðventa er tími vonar og tilhlökkunar. Við undirbúum komu Jesú Krists og fæðingu hans á jolum. Okkur býðst þjónusta hans og leiðsögn á framtíðarvegi. Aðventunni ber í senn að vera tími innri og ytri undirbúnings. Einn sér er ytri undirbúningurinn lítilsmegnandi þó margt honum samfara gleðji augað og vekji kæti, sem vissulega er réttlætunleg og meinlaus, missum við ekki sjónar á þeim innri undirbúningi, sem einn hefur varanlegt gildi. Það eru hógværd, auðmýkt og innri ró sem hvað helst gera okkur næm fyrir veru Krists og hljóðri nálægð hans.

Í okkar tíma og sögu birtist Jesús ávallt í mynd þess þjóns, sem spámaðurinn Jesaja boðar: „Hann kallar ekki og hrópar ekki og lætur ekki heyra rödd sína á strætunum.

Brákaðan reyrinn brýtur hann ekki sundur og dapran hörkveik slekkur hann ekki. Í trúfesti kemur hann rétti á.“ Jesús kemur í mildi og hógværd inn í oft miskunnarlítinn heim. Ríki hans er ekki af þessum heimi en skal þó að lyktum gagntaka hann. Við erum minnt á þá reynslu trúarinnar á hverri tíð að Kristur lifir upprisinn. Því kemur hann enn inn í mannlega sögu og minnir á sitt mikla erindi, sem er að leiða hvern þann sem til hans lítur og á hann trúir gegnum lífið. Hið sanna ljós, sem er í heiminn komið vill eiga við okkur stöðugt stefnumót. Það vill draga okkur að ljómanum sínum, vísa okkur í kirkjuna sína og lýsa veg okkar. Jesús Kristur vill gefa okkur af þeirri auðlegð, sem ekki þrýtur og þeim kærleika sem kann að gefa og veita af sjálfum sér og á einn þann frið sem hjartað þráir.

Greiðið veg Drottins gerið beinar brautir hans.

Sá er trúarboðskapur aðventunnar.

Mættum við á aðventunni horfa vongóð til jólanna og biðja þess að gleði þeirra og fögnuður fylgi okkur áfram um ársins hring.

Nú lifnar heimur, ljósið skín

Kæri söfnuður Lágafellssóknar.

Tíminn er fugl sem flýgur hratt og hratt líða stundirnar í sumarleyfi og þriggja mánaða námsleyfi sóknarprestsins. Við Sigríður héldum til Noregs í septemberbyrjun og dvöldum þar í tvo mánuði við góðan kost hjá elstu dóttur okkar sem þar býr með norskum eiginmanni og þremur sonum þeirra. Ég sótti áhugaverða og gagnlega fyrirlestra í guðfræðideild Oslóarháskóla og naut þess að setjast á skólabeck að nýju.

Nú erum við í Trier í Þýskalandi en hér býr önnur dóttir okkar, gift

hljóma. „Þetta á að vera jólalag,“ sagði hann við mig. „Textinn á að segja sögu af móður og barni.“

Eitthvað hreyfði við mér. Ég settist við tölvuna mína og barði inn nokkrar hendingar sem ég reyndi

að fella
að hljómunum sem hann

*Blíðar gjafir og bænamál,
það barst mér allt frá þér.*

*Ég spurði um líf,
ég spurði um ljóð og lag.
Ég spurði um leik og störf
og allan heimsins hag.
Þú gafst mér svör
um kærleika og frið um heilög jól
Og sátst á milli manna
heims um ból.*

Jólaort frá sr. Jóni og Sigríði Önnu

Þjóðverja og eiga þau tvö börn. Hér munum við dvelja þann tíma sem eftir lifir ársins og komum heim í byrjun þess næsta. Jafnframt því að njóta samvista við fjölskylduna okkar hér sækjum við kennslustundir í þýsku.

Og nú líður að jólum og þó við séum hér á sinn hátt í faðmi fjölskyldunnar þá er hugurinn heima á Fróni á þeirri tíð. Senn gengur adventan í garð, einhver yndislegasti tími kirkjunnar, og adventuljósín lýsa upp skammdegið í landinu góða. Við hugsum með einlægum þökkum til samstarfsfólksins sem heldur uppi þróttmiklu og gjöfulu safnaðarstarfi og við hugsum til þeirra sem átt hafa um sárt að binda á liðinni tíð.

Okkur er líkt farið og flestum að æskujólin eiga sinn stað í sálinni og gott er og skynsamlegt að muna að við sem erum fullorðin erum að skapa börnum okkar og barnabörnum minningar um blessuð jól.

Örlítil jólaminning kemur í hug frá jólaföstu fyrir fáum árum sem má tengjast þessu.

Ég sat á skrifstofu sóknarprestsins í safnaðarheimilinu. Ég heyrði að organistinn settist við píanóið og lék af fingrum fram fallega



töfraði fram. Lagið lifir fullbúið og undurfallett og lofar meistara sinn.

Og nú er það hins vegar ljóst að þessi prestur er ekki skáld í neinum skilningi og ekki ætlast til að málið sé skoðað í því ljósi. En fyrir áeggjan organistans sem fékk veður af þessum hugrenningum læt ég hendingarnar fylgja þessum línunum í safnaðarbréfi með hugheilum jólakeðjum til safnaðar Lágafellssóknar frá okkur Sigríði.

*Nú lifnar heimur, ljósið skín,
nú ljómar sigurlag.
Í huga merlar minning þín,
ó mamma mín, í dag.*

*Því bernskujólin björtu
þau búa í huga mér.*

*Ég þakka allt sem þáði ég
frá þinni ást og trú.*

*Það lýst mér hefur um lífsins veg
og lifir hér og nú.*

*Ég spurði um sorg
ég spurði um böll og tár
Ég spurði um illsku
um heimsins mein og sár
Þú gafst mér svör
um kærleika og frið um heilög jól
Og sátst á milli manna
heims um ból.*

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól og farsæld og blessun á komandi tíð.

Jón Þorsteinsson
Sigríður Anna Þórðardóttir



Aðventukvöld 9. desember

Árum saman hafa verið haldin svokölluð Aðventukvöld í Lágafellskirkju með tónlist og töluðu máli. Löngum hefur verið húsfyllir í litlu kirkjunni á Lágafelli á þessum kvöldum og eftir að safnaðarheimilið í Þverholti 3 kom til sögunnar hefur jafnan verið farið þangað á eftir og þegin létt hressing.

Að þessu sinni verður Aðventukvöldið sunnudaginn 9. desember. Ræðumaður kvöldsins verður Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mosfellsbæ, en af tónlistarfólki má nefna Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Jóhann Friðgeir Valdimarsson sem munu syngja ásamt Kirkjukór Lágafellssóknar. Skólakór Varmárskóla syngur undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar og hljómsveit skipuð strengjum og blásurum spilar með undir stjórn Jónasar Þóris organista.



Jólaljós

Jólaljós er styrktarverkefni Kirkjukórs Lágafellssóknar og organistans Jónasar Þóris. Að þessu sinni eru tónleikarnir haldnir til styrktar Fjölskylduhjálpar Íslands og allt sem safnast rennur til hennar.

Tónleikarnir verða haldnir í Frí-

kirkjunni í Reykjavík sunnudaginn 16. desember kl. 20.00.

Eins og vanalega leggur fjöldi góðra listamanna verkefninu lið. Þar má nefna Egil Ólafsson og Ragnhildi Gísladóttur, sem er verndari Fjölskylduhjálpar Íslands. Þarna verða

Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Gréta Hergils, Margrét Árnadóttir og Ívar Helgason. Óskar Pétursson kemur að norðan og það er aldrei að vita nema fleiri úr bræðrahópnum frá Álftagerði skreppi suður líka þetta kvöld

Einnig verður hljómsveit sem samanstendur af strengjum, blásurum og hrynsveit. Stjórnandi Jónas Þórir.

Slegið verður á ýmsa strengi, úr popp- og jassheimum, úr óperu og klassísku deildinni. Að ógleymdri jólatónlist.

Miðasala fer fram við innganginn en hægt verður að fá miða fyrirfram í safnaðarheimilinu vikunni á undan, 10. til 14. desember, frá kl. 9–12. Miðaverð er kr. 2500 og er það mál þeirra sem þennan fagnað hafa sótt undanfarin ár að það sé ekki hátt verð fyrir það sem fram er borið með innlifun, kátínu og kærleika á þessum árlegu tónleikum kirkjukórsins og Jónasar Þóris.

– Myndina tók Ómar Runólfsson á tónleikum kirkjukórsins í Grundarfjarðarkirkju s.l. vor.

Orgeljól í Lágafellskirkju

Douglas Brochie frá Eik, organisti og Mosfellingur, ætlar að leggja sitt lóð á vogarskálarnar við jólaundirbúning í heimabyggð og halda í þriðja skipti Orgeljól í Lágafellskirkju.

Muna þau í þetta sinn fara fram þriðjudaginn 18. desember kl. 20. Aðgangur að klukkutímalangri dagskrá er ókeypis og öllum opin.

Eins og á árum áður verður góður gestur í för með Douglasi. Í þetta skipti mun Sigrún Jónsdóttir mezzosópran syngja nokkur lög sem hæfa stað og stund.

Douglas segist sifellt vera að prófa eitthvað nýtt í efnisskránni á þessum tónleikum, til að finna orgeltónlist sem er ekki of tyrfin og sem hljómar vel á orgel kirkjunnar sem Mosfellingurinn Björgvin Tómasson smíðaði. Í þetta skipti ætlar Douglas að sanna að Bach getur verið skemmtilegur, með því að spila þrjú ólík verk eftir meistarann, frægastan allra organista og tónskálda.

Í vistlegri gömlu kirkjunni á Lágafelli er alltaf hlýtt og notalegt á þessari fallegu stund í síðastu viku aðventunnar.



Hin fyrstu jólatré

Í árdaga ákvað Guð að senda þrjá engla til að velja tré sem táknað gæti hátíð ljóssins, jólin. Hann sendi engil trúarinnar, engil vonarinnar og engil kærleikans. Þeir létu sig líða léttum vængjum yfir skóga heimsins og ræddu um hvernig tréð ætti að vera.

Engill trúarinnar sagði: „Mitt tré skal vera merki krossins. Það á líka að vera beinvaxið og benda til himins.“

Engill vonarinnar sagði: „Ég ætla að velja sígrænt tré sem fölnar aldrei en heldur grænum lit sínum bæði sumar og vetur, því grænt er litur lífs og grósku.“

Engill kærleikans sagði: „Tréð sem ég vel verður að geta skýlt smáfuglum í greinum sínum.“

Saman völdu þeir því grenitréð. Greinamót þess mynda krossa, það er beinvaxið og veit til himins, það er sígrænt sumar sem vetur og fuglum himinsins veitir það skjól.

Síðan hefur grenitréð verið jólatré. Mennirnir færa það inn í hýbýli sín og skreyta með ljósum og glitri þegar þeir minnast fæðingar frelsarans.

Þetta er gömul helgisögn um tilurð jólatrésins. Elsta ritaða heimild

sem til er um ljósum skreytt jólatré er frá árinu 1774 í sögu eftir Göthe. Til Íslands munu þau hafa borist um 1850 með dönskum kaupmönnum, en Íslendingar bjuggu af vanefnum sínum til eftirlíkingu af úr tréstautum og sköftum og vöfðu með sortulyngi. Sá síður tíðkaðist allt fram

yfir miðja öldina sem leið.

Flestir kjósa „lifandi“ jólatré en nú eru einnig í boði eftirlíkingar af raunverulegum trjám sem líkjast þeim mun meira en sköftin með sortulynginu gerðu hér áður, þó líkast til vektu þau ekki síður gleði en gervitrén góðu gera nú.



Í nýju hlutverki



Hólmfríður

Í byrjun október tóku þær Arndís G. Bernharðsdóttir Linn og Hólmfríður Jónsdóttir tóku að sér stöðu meðhjálpara sóknarinnar og munu skipta því starfi með sér.

Þær hafa báðar starfað lengi fyrir söfnuðinn. Hólmfríður hefur séð um ræstingar á húsakynnum safnaðarins


en þar áður söng hún lengi með Kirkjukór Lágafells-sóknar.

Arndís hefur haft umsjón með foreldramorgnum.

Hólmfríður og Arndís munu áfram sinna þeim verkum sem þær höfðu fyrir og eru eru boðnar velkomnar til aukinna verkefna í þágu safnaðarins.



Arndís



Sorgin og jólin

Þannig hljóðar yfirskrift erindis sem flutt verður í Safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3, sunnudaginn 25. nóvember kl. 12.30

Þar mun sr. Gunnar Rúnar Mattíasson sjúkráhusprestur fjalla um raunveruleika sorgarinnar frammi fyrir gleði jólaundirbúnings og jólahalds. Leitast verður við að draga fram hvað getur orðið okkur til stuðnings og hvernig við getum haldið heilög jól í skugga sorgar.

Kaffi verður á borðum.

Sama dag mun sr. Gunnar Rúnar prédika við guðsþjónustu í Mosfellskirkju kl. 11, en sr. Ragnheiður Jónsdóttir þjónar fyrir altari.

16. des.: Litlu jólin

Jólastund barnanna verður í kirkjunni okkar að Lágafelli 16. des. kl. 11.00. Skemmtilegir jólasöngvar og jólasögur. Litli kórinn úr Varmárskóla syngur og ungir spilarar spila.

Umsjón með jólastundinni hafa sr. Ragnheiður og Hreiðar Örn.

Í lok stundarinnar er aldrei að vita nema við fáum skemmtilega heimsókn ofan úr Esjunni.

24. des.: aðfangadagur

Jólahelgi fjölskyldunnar hefst að Lágafelli kl.13 á aðfangadag. Sr. Ragnheiður leiðir helga stund fyrir fjölskyldufólk með yngstu börnin í huga. Hátíðleg stund með jólasálmum og helgisögum.



Jól í skókassa

Í nokkur ár hefur hópur úr barnastarfi kirkjunnar tekið þátt í verkefninu Jól í skókassa undir umsjá KFUM & KFUK. Í ár söfnuðust um 5000 kassar. Þeir voru látnir í 40 feta gám sem fór frá Íslandi 7. nóvember og kom til Hamborgar um 10 dögum síðar. Þaðan átti að aka honum til Kirovograd í Úkraínu þaðan sem pökkunum verður dreift í byrjun janúar. Hér má sjá Ragnar Bjarna Hreiðarsson skoða kassamóttökuna í aðalstöðvum KFUM & KFUK í byrjun nóvember.

jólabjöllur og jólakúlur



Ný söfnunarlína til styrktar
byggingar nýrrar kirkju
í Mosfellsbæ



Kúlurnar fást hjá:

*Hlin
Blómahús*
Mosfellsbæ

Háholti 24 v/Vesturlandsveg
S: 566 8700 / 566 8588

Allar nánari upplýsingar um kúlurnar er hægt að fá
á skrifstofu Lágafellskirkju í síma 566 7113

Hymnalög

Hymnalög, nýr hljóm-
diskur Egils Ólafssonar
söngvara og leikara og
Jónasar Þóris, organ-
ista Lágafellssóknar,
hefur að geyma sígilda
íslenska kirkjusönglist,
21 lag alls. Mörg lag-
anna tengjast jólum en
eitt lag er eftir Jónas og

tveir sálmar eftir Egil.
Ekki er að efa að um
þau er farið listfengum
höndum Jónasar og
Egils sem fullyrða má
að séu meðal fremstu
listamanna þjóðarinn-
ar.



Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028

Skrifstofa sr. Jóns Þorsteinssonar er í safnaðarheimilinu á 3. hæð Sínaviðtalstími hans er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Símanúmer: sjá ofan.
Fax: 566 7223 Heimasími: 566 7107, farsími 896 2407.
Netfang: srjont@ismennt.is

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er á annarri hæð. Sínaviðtalstími hennar er mánudaga til fimmtudaga kl 12-13. Símanúmer: sjá ofan.
Fax: 566 6624, farsími: 869 9882.
Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Viðtalstími Þórdísar Ásgeirsdóttur djákna er í safnaðarheimilinu á þriðjudögum kl. 10-14. Símnúmer: sjá ofan.
Farsími: 691 8041. Netfang: thordisa@kirkjan.is

Jónas Þórir organisti hefur viðtalstíma í safnaðarheimilinu á fimmtudögum kl. 10–12. Heimasími: 566

8876. Farsími: 892 9671. Netfang: jonasthorir@simnet.is

Skrifstofa Hreiðars Arnars Zoëga Stefánssonar, framkvæmdastjóra er á annarri hæð. Símanúmer sjá ofan. Farsími: 896 8936. Netfang: hreidar@kirkjan.is

Meðhjálparar/kirkjuverðir:
Arndís G. Bernharðsdóttir Linn, farsími 866 8947, netfang disalinn@simnet.is.
Hólmfríður Jónsdóttir, farsími 899 5172

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir. Símanúmer: sjá ofan.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Símanúmer: 566 6701.

Á heimasíðu Lágafellssóknar, www.lagafellskirkja.is, má sjá ýmislegt um dagskrá og starfsemi sóknarinnar.

Helgihald í Mosfellsprestakalli

desember 2007 til mars 2008

25. nóvember

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl.11.00

Prestur: Ragnheiður Jónsdóttir

Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, prédikar.

Erindi: „Sorgin og jólin“ í

Safnaðarheimilinu kl.12:30

2. desember 1. sd. í aðventu

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11.00

Prestur : Ragnheiður Jónsdóttir

9. desember 2. sd. í aðventu

Aðventukvöld í Lágafellskirkju kl. 20.00

Ræðumaður Haraldur Sverrisson

bæjarstjóri.

Báðir prestarnir

16. desember 3. sd. í aðventu

Jólastund barnastarfsins að Lágafelli

kl. 11.00

Prestur sr. Þórhildur Ólafs

23. desember 4. sd. í aðventu

Þorláksmessa

Hátíðarguðsþjónusta á elli- og

hjúkrunarheimilinu Víðinesi kl. 11.00

Prestur: Þórhildur Ólafs

24. desember aðfangadagur

Barnaguðsþjónusta að Lágafelli kl. 13.00

Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Aftansöngur í Lágafellskirkju kl. 18.00

Prestur: sr. Þórhildur Ólafs

Einsöngur: Margrét Árnadóttir

Organisti: Guðmundur Ómar Óskarsson

Miðnæturguðsþjónusta

að Lágafelli kl. 23.30

Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Einsöngur: Björk Jónsdóttir.

25. desember jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta að Lágafelli kl. 14.00

Prestur: sr. Þórhildur Ólafs.

Söngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir og dætur.

Þorkell Jónsson leikur á horn.

Hátíðarguðsþjónusta að Mosfelli kl. 16.00

Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Söngur: Sigrún Hjálmtýsdóttir og dætur.

Þorkell Jónsson leikur á horn.

31. desember gamlárskvöld

Aftansöngur í Lágafellskirkju kl. 18.00

Prestur: sr. Þórhildur Ólafs.

Einsöngur: Jóhann Friðgeir Valdimarsson

13. janúar 2. sd. eftir þrettánda

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju

Heimsókn safnaðar Grundarfjarðarkirkju

Kór Grundarfjarðarkirkju

Prédikun: sr. Elínborg Sturludóttir,

sóknarprestur í Grundarfirði

Sr. Jón Þorsteinsson, þjónar fyrir altari

20. janúar 3. sd. eftir þrettánda

Taize - guðsþjónusta í Lágafellskirkju

Prestur: Ragnheiður Jónsdóttir

27. janúar 4. sd eftir þrettánda

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju

Prestur: Jón Þorsteinsson

3. febrúar

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju

Prestur: Jón Þorsteinsson

10. febrúar

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11.00

prestur: Jón Þorsteinsson

17. febrúar

Taize - guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 20.00

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

24. febrúar

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11.00

Prestur: Jón Þorsteinsson

Kirkjukór Lágafellsóknar leiðir sönginn í öllum athöfnum undir stjórn Jónasar Þóris nema annað sé tekið fram.